



Áfangaskýrsla

RATSJÁIN VETURINN

2025



Stjórnarráð Íslands  
Atvinnuvegaráðuneytið



Ferðamálastofa  
Icelandic Tourist Board



ÍSLENSKI  
FERÐAKLASINN  
Iceland Tourism Cluster

## Sjálfbær og nærandi ferðapjónusta í brennidepli framtíðar

Ratsjain veturinn 2025 stóð yfir frá janúar til mars og leiddi saman 58 fyrirtæki úr ferðapjónustu um land allt í framsækið lærdómsferli með áherslu á sjálfbærni og nærandi áherslur í rekstri. Verkefnið, sem stýrt var af Íslenska ferðaklasanum, hafði það að markmiði að efla hæfni stjórnenda, auka vitund um sjálfbæra ferðapjónustu og styðja fyrirtæki í að þróa eigin sjálfbærnistefnu.

Í 12 vikna löngu verkefni var unnið með raunveruleg viðfangsefni og áskoranir þátttakenda í gegnum hnitmiðaða fræðslu, vinnustofur á netinu og svæðisbundna fundi. Þessi nálgun gerði þátttakendum kleift að tengja stefnumótunina beint við sinn rekstur og skapa raunhæfar aðgerðir í átt að sjálfbærari framtíð. Sérstök áhersla var lögð á tengslamyndun og samfélagslega vídd, sem eflir samvinnu og nýsköpun í greininni.

## Áfram Ratsjain - áfram sjálfbærni!

Ratsjain er verkfæri ætlaði stjórnendum í ferðapjónustu og tengdum greinum sem vilja auka hæfni sína og getu í rekstri. Grunnstef og hugmyndafræði Ratsjárinnar gengur útá að efla samkeppnishæfni og auka verðmætasköpun í íslenskri ferðapjónustu. Íslenski ferðaklasinn leiðir verkefnið og er framkvæmdaaðili en **verkefnið var fjármagnað að hluta til í gegnum aðgerð D.4 í aðgerðaráætlun stjórnvalda** með nýútgefinni ferðamálástefnu.

Í gegnum vinnustofur, jafningjarýni og fræðslu fá þátttakendur tækifæri til að þróa bæði eigin hæfni og fyrirtækjarekstur á grunni eigin sérstöðu og áskorana.

Verkefnið sem hér er til umfjöllunar var keyrt á tímabilinu janúar til mars 2025 og bar yfirskriftina *Sjálfbærni og nærandi ferðapjónusta*. Þetta var fyrri hluti af tveimur sjálfstæðum en tengdum verkefnaletum sem skipta árinu 2025 í tvennt – þar sem haust lotan mun fjalla um **verðmætasköpun og vöruþróun**. Með Ratsjaini var stefnt að því að byggja upp þekkingu, stuðla að aukinni vitund og styðja stjórnendur til að innleiða sjálfbærni og nærandi ferðapjónustu í eigin rekstri.

**Markmiðið** er að greina hvernig Ratsjain nýtist sem verkfæri til framfara og sem stoð í framkvæmd aðgerða samkvæmt Ferðamálástefnu til 2030.





# VERKEFNARAMMI OG MARKMIÐ

Markmið þessarar lotu – **Sjálfbærni og nærandi ferðaþjónusta** – var að styðja stjórnendur fyrirtækja í ferðaþjónustu til að:

- Dýpka þekkingu sína á sjálfbærni og hvernig hún tengist rekstri og þjónustu
- Þróa eigin sjálfbærnistefnu með hliðsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna
- Kynnast vottunarkerfum og öðlast færni til að taka upplýstar ákvarðanir um hvaða nálgun hentar þeirra fyrirtæki best
- Efla gæðavitund, fagmennsku og samfélagslega ábyrgð innan ferðaþjónustunnar

Verkefnið tengist beint aðgerðaráætlun stjórnvalda fyrir Ferðamálastefnu til 2030 og styður sérstaklega við eftirfarandi aðgerðir þó svo að þungi verkefnisins tengis beint aðgerð **D.4**:

- **C.1** – Áhersla á sérstöðu íslenskrar menningar
- **D.3** – Fjölgun fyrirtækja með sjálfbærnivottanir
- **D.4 – Fræðsla og hvatning um sjálfbæra og nærandi ferðaþjónustu**
- **E.6** – Endurskoðun á gæða- og umhverfisvottun
- **D.6 og E.7** – Orkuskipti og bætt öryggi



## AÐFERÐARFRÆÐI OG FRAMKVÆMD

Framkvæmd Ratsjárinnar byggir á blandaðri aðferðafræði sem sameinar fræðslu, jafningjaráðgjöf og virka þátttöku. Áherslan er á hagnýta nálgun þar sem þátttakendur vinna með eigin rekstur og áskoranir, með stuðningi frá leiðbeinendum og öðrum þátttakendum.

Verkefnið var skipulagt í **12 vikur** og skiptist í lotur sem hver um sig hafði sérstaka áherslu og viðfangsefni. Hver tveggja vikna lota fól í sér:

- **Fræðsla, verkefni og ítarefni** var gert aðgengilegt þátttakendum á sameiginlegu fræðslusvæði verkefnisins.
- **Sameiginlega vinnustofu á netinu** þar sem fjallað var um kjarnaviðfangsefni lotunnar, kynnt ný verkfæri og deilt reynslu. Notast var við miro veftólið til að fanga umræðuna.
- **Verkefnavinnu og ráðgjöf**, þar sem þátttakendur unnu með þekkinguna í eigin rekstri með stuðningi frá ráðgjöfum, jafningjum og í sumum tilfellum einstaklingbundnum fundum.
- **Lokadagur Ratsjárinnar á Akureyri** þar sem þátttakendur fengu tíma og rými til að hittast í raunheimum og efla enn frekar tengslin

Sérstaða verkefnisins lá meðal annars í því að sameina stafræna og staðbundna nálgun – þar sem þátttakendur nutu bæði sveigjanleika í þátttöku og fengu tækifæri til persónulegra tengsla og umræðna innan síns svæðis.

Verkefnið fól ekki eingöngu í sér fræðslu, heldur var megináherslan á að þátttakendur:

- **Ynnu með eigin gögn, ferla og markmið**
- **Próðu eigin stefnur og leiðir**
- **Styrktu tengslanet sitt og sköpuðu samstarfsgrundvöll**

Þátttaka fór að mestu leyti fram í gegnum stafræna vettvanga, þar sem **fræðslusíða Ratsjárinnar** (notion) var miðlæg upplýsingasíða og verkfærasafn





## Fræðsluhornið

🔗 LOTA 1 - Grunnur að sjálfbærni og nærandi ferðaþjónustu

🔗 LOTA 2 - Sjálfbærni og leiðtogahefni

🔗 LOTA 3 - Sjálfbærnistefna og tækifæri til framtíðar

🔗 LOTA 4 - Verkfæri og þróun

🔗 LOTA 5 - Framtíðarsýnin

## INNTAK OG EFNI

Inntak Ratsjárinnar veturinn 2025 var mótað með það að leiðarljósi að styðja stjórnendur í að dýpka skilning sinn á sjálfbærni og tengja hana beint við daglegan rekstur og framtíðarsýn fyrirtækja sinna. Efnistöð byggðu á nýjustu straumum í ábyrgri ferðaþjónustu og voru sérsniðin að raunverulegum aðstæðum þátttakenda.

Hver vinnustofa og verkefnalota hafði afmarkað þema sem var unnið með í fyrirlestrum, í gegnum verkefni og á sameiginlegum netfundum.

Verkefnið lagði mikla áherslu á að fræðsluefnið væri bæði hagnýtt og áhugaverð – þannig að þátttakendur fengju bæði tól og hugmyndir sem nýtast strax í rekstrinum.

Efnið var sett fram með fjölbreyttum hætti: í fyrirlestrum á myndbandaformi, verkefnablöðum, ítarefni (hlaðvörp, myndbönd, gagnasöfn), hópavinnu og jafningjafræðslu.


Í gegnum verkefnið myndaðist dýrmæt samvera, tengslanet og samræðu grundvöllur þar sem þátttakendur spegluðu sínar áskoranir og deildu lausnum. Þessi lærdómsríka samfélagslega vídd Ratsjárinnar er einn af hennar lykilstyrkleikum.



## DÆMI UM EFNISTÖK ERU:

- ÁBYRG FERÐAÞJÓNUSTA, SJÁLFBÆRNI OG NÆRANDI FERÐAÞJÓNUSTA – HVER ER MUNURINN OG HVERNIG BIRTIST ÞAÐ Í REKSTRI?
- HRINGRÁSARHAGKERFIÐ – HVERNIG MÁ SKAPA VIRÐI ÚR AUKAHLUTUM, ÚRGANGI OG FERLUM SEM ÁÐUR ÞÓTTU JAÐARVIÐFANGSEFNI?
- SJÁLFBÆRNIVOTTANIR OG VAKINN – HVERJAR ERU VOTTANIRNAR SEM Í BOÐI ERU OG HVERNIG GETA FYRIRTÆKI METIÐ HVAÐ HENTAR ÞEIM?
- SJÁLFBÆRNISTEFNAN MÍN – LEIÐBEININGAR UM HVERNIG HÆGT ER AÐ HEFJA SLÍKT FERLI MEÐ TENGINGU VIÐ HEIMSMARKMIÐIN.
- LOFTSLAGSMÁL, ÚRGANGSMÁL OG ORKUSKIPTI – SKREFIN Í ÁTT AÐ VISTVÆNNI REKSTRI.
- SAGNALIST OG STORYTELLING – HVERNIG MIÐLUM VIÐ ÞVÍ SEM VIÐ STÖNDUM FYRIR Á ÁHRIFARÍKAN HÁTT?
- MARKAÐSLEGT VIRÐI SJÁLFBÆRNI – ER HÆGT AÐ MÆLA ÁHRIF HENNAR OG HVERNIG NÝTIST HÚN Í AÐGREININGU OG VERÐMÆTASKÖPUN?
- FIRST MILE HUGMYNDAFRÆÐIN – HVERNIG BYRJUM VIÐ BREYTINGAFERLI AF FESTU OG MEÐ FÓKUS?





DREIFING ÞÁTTAKENDA Í RATSJÁNNI VETURINN 2025 EFTIR LANDSHLUTUM

## ÞÁTTTAKENDUR

Þátttaka í Ratsjánni veturinn 2025 var bæði fjölbreytt og landfræðilega víðtæk. Alls tóku **58 fyrirtæki** í ferðaþjónustu og tengdum greinum virkan þátt í verkefninu. Þau komu frá öllum landshlutum og endurspegluðu fjölbreytileika greinarinnar – allt frá gistipjónustu og upplifunar verkefnum til skapandi greina og svæðisgarða.

Með markvissri dreifingu var tryggt að sem flest svæði ættu sinn fulltrúa og að þátttakendur gætu speglað eigin rekstrarumhverfi niður á sitt svæði. Þetta fyrirkomulag stuðlaði að dýpri tengingu við efnistösk verkefnisins og gerði þátttakendum kleift að skoða sjálfbærni og nærandi ferðaþjónustu í eigin samhengi.

Verkefnið lagði ríka áherslu á samfélagslega vídd – að þátttakendur tengdust, deildu og lærðu hver af öðrum. Áhrifin af þessu sáust meðal annars í umræðum, samvinnu og jafnvel áframhaldandi tengingum milli svæða og fyrirtækja eftir að verkefninu lauk. **Þessi tengslamyndun er ein af lykilforsendum árangurs Ratsjárinnar sem verkfæris fyrir framþróun í ferðaþjónustu.**



# ÁRANGUR OG ÁHRIF

Ratsjain veturinn 2025 skilaði fjölbreyttum og jákvæðum árangri fyrir þátttakendur, bæði á einstaklings- og fyrirtækja stigi. Verkefnið hafði skýra og mælanlega áhrif á vitund, þekkingu og nálgun stjórnenda í ferðaþjónustu gagnvart sjálfbærni og nærandi áherslum í rekstri.

## Aukin hæfni og skýrari stefna

Mikill meirihluti þátttakenda nýtti verkefnið til að:

- Skilja betur hugtök eins og sjálfbærni, hringrásarhagkerfi og ábyrg ferðaþjónusta
- Greina tækifæri til umbóta í eigin rekstri og þjónustu
- Setja sér fyrstu markmið og drög að sjálfbærnistefnu
- Kynnast viðeigandi vottunarkerfum og meta hvort og hvernig þau henta þeirra rekstri

## Lokadagurinn á Akureyri – tengsl, innblástur og endapunktur með stæl

Verkefninu lauk með glæsilegum sameiginlegum lokadegi á Akureyri þann 25. mars, þar sem **rúmlega 50 þátttakendur** af öllu landinu komu saman. Dagskráin var bæði fagleg og hressandi þar sem hún byggði brú milli lærdóms og nærandi samveru:

- **Morgunferð í Sánuvagn Mæju** gaf tækifæri til slökunar og óformlegrar tengslamyndunar
- **Fyrirlestrar og vinnustofur** fóru fram í Drift EA og í húsnæði Eldingar, Whale Watching Akureyri, þar sem þátttakendur spegluðu lokaniðurstöður og skoðaðar voru leiðir áfram
- **Heimsókn í Skógarböðin** og **lokakvöldverður í LYST** í Lystigarðinum lokuðu verkefninu með hátíðlegri og nærandi stemningu





Stemningin á lokadeginum var einstaklega gefandi, þar sem margir þátttakendur lýstu því að þeir færu heim með nýja sýn og orku til að halda áfram innleiðingu sjálfbærrar hugsunar í eigin rekstri. Samveran skapaði sterkari tengslanet og ýtti undir áhuga á áframhaldandi þátttöku í næstu verkefnum.

### Samstarf og tengslanet

Einn af lykilárangri Ratsjárinnar er sú vídd að þátttakendur eigi í samskiptum og þekkingarmiðlun við aðra úr greininni. Samtal milli aðila á sama svæði og umræðutímar á vinnustofum gerðu þátttakendum kleift að spegla eigin áskoranir í reynslu annarra, og margir lýstu því að þeir hefðu myndað ný tengsl sem gætu leitt til frekara samstarfs.

### Samhengi við opinbera stefnu

Verkefnið styður með beinum hætti við aðgerðaáætlun stjórnvalda í ferðamálum til 2030 og dregur þannig ekki aðeins úr þekkingargapi heldur virkar sem hvati til aðgerða á vettvangi ferðaþjónustunnar. Með þátttöku fyrirtækja um allt land dregur Ratsjain fram mikilvægi staðbundinnar aðlögunar og sérstöðu hvers svæðis þar sem markaðs og áfangastaðastofurnar koma sterkt inn. Í senn er mikilvægt að stefnumörkunin verði lifandi í gegnum raunverulega framkvæmd.

### Viðhorf þátttakenda

Í lok verkefnisins var send út stutt viðhorfskönnun til þátttakenda í Ratsjainni. Alls svöruðu 20 einstaklingar könnuninni og niðurstöður gefa sterkar vísbendingar um jákvæða upplifun og mikla ánægju með verkefnið. Meðaleinkunn verkefnisins var **9,05 af 10**, og flestir þátttakendur gáfu einkunnir á bilinu 8–10.

Þeir þættir sem þóttu sérstaklega góðir voru:

- **Frábærir fyrirlesarar og hnitmiðað form** (örfyrirlestrar og verkefnavinna)
- **Skýr uppbygging og góð efnistö**
- **Tengslamyndun og hópsamvinna**
- **Lokadagurinn á Akureyri**, sem fékk sérstaka athygli fyrir gæði, upplifun og andrúmsloft





## Lærdómur og næstu skref

Í gegnum framkvæmd Ratsjárinnar veturinn 2025 komu fram mikilvægar vísbendingar um bæði möguleika og þarfir ferðapjónustunnar þegar kemur að fræðslu og stefnumótun í sjálfbærni. Verkefnið sýndi fram á að stjórnendur vilja og geta tekið virkan þátt í þróun eigin rekstrar – að því gefnu að þeir fái tækifæri, stuðning og samhengi.

Helstu lærdómar verkefnisins voru:

- **Svæðisbundin nálgun virkar vel:** Samtal milli aðila innan sama svæðis reyndust sérstaklega árangursríkir til að tengja efnið við aðstæður og sérstöðu hvers svæðis. Tækifæri á að gera sérstökum heimafundum innan hvers svæðis hærra undir höfði í framhaldi og tengja markaðs og áfangastaðastofur sterkar inn frá upphafi.
- **Verkefnamiðað nám skilar árangri:** Þátttakendur kunna vel að meta hagnýt verkfæri, verkefni sem tengjast þeirra rekstri beint og jafningjastuðning.
- **Þverfagleg samsetning hópa eykur dýpt:** Að blanda saman ólíkum tegundum fyrirtækja, stærðum og nálgunum skapar dýpri umræðu og víðari sýn.
- **Tímasetning og umfang skipta máli:** Þótt 12 vikur séu vel viðráðanlegt tímabil, þá þarf að tryggja nægilegt svigrúm til úrvinnslu, sérstaklega í lokaverkefnum.

Næstu skref eru þegar farin að mótast:

- **Haustlotan 2025** mun taka við keflinu og fjalla sérstaklega um verðmætasköpun, þjónustu og vörubrúun, stafræna þróun og innri starfsemi fyrirtækja.
- Í undirbúningi er að þróa **ný verkfæri og efnistöð** með hliðsjón af endurgjöf frá vetrarlotunni.

Stefnt er að því að festa Ratsjána í sessi sem árlegt fræðsluverkefni með víðtækri skírskotun í aðgerðaráætlanir stjórnvalda til lengri tíma og í takt við þarfir greinarinnar.



## **LISTI YFIR FYRIRLESTRA OG FYRIRLESARA**

- 1. HRINGRÁSARHAGKERFIÐ OG TÆKIFÆRIN ÞAR** - ÞÓR SIGFÚSSON HJÁ ÍSLENSKA SJÁVARKLASANUM
- 2. ÚRGANGSMÁL OG AÐRAR AUKAAFURÐIR, ERU TÆKIFÆRI ÞAR?** - FREYR EYJÓLFSSON HJÁ SORPU
- 3. REGENERATIVE TOURISM AND COMMUNITY YOUTH DEVELOPMENT** - JESSICA AQUINO HJÁ HÁSKÓLANUM Á HÓLUM
- 4. LEIÐTOGI Í SJÁLFBÆRNI** - LINDA FANNEY VALGEIRSDÓTTIR HJÁ ALOR
- 5. REYNSLUSAGA Í SJÁLFBÆRNI FRÁ ASGARD BEYOND** - ÁSDÍS DÖGG ÓMARSÓTTIR FRÁ ASGARD BEYOND
- 6. HUGMYNDAFRÆÐI SJÁLFBÆRNI OG NÆRANDI FERÐAÞJÓNUSTU** - RAKEL EVA SÆVARSDÓTTIR FRÁ TRAIL SJÁLFBÆRNIRÁÐGGJÖF
- 7. SAMSPIL SAMFÉLAGS OG FERÐAÞJÓNUSTU** - MARÍA HJÁLMAUSDÓTTIR HJÁ ÍSLENSKA FERÐAKLASANUM
- 8. SJÁLFBÆR FERÐAÞJÓNUSTA OG UMHVERFISÁHRIF** - HELENA ÓLADÓTTIR HJÁ KPMG
- 9. MARKAÐSLEGT VIRÐI SJÁLFBÆRNI** - BJÖRGVIN SÆVARSSON HJÁ YORTH GROUP
- 10. GÓÐAR FYRIRMYNDIR Í FERÐAÞJÓNUSTU** - ÁSTA KRISTÍN SIGURJÓNSDÓTTIR HJÁ ÍSLENSKA FERÐAKLASANUM
- 11. LÝÐVÍSINDI OG FERÐAÞJÓNUSTAN: ÞÁTTTAKA GESTA Í ÖFLUN ÞEKkingar** - ÓLÖF ÝR ATLADÓTTIR, VERKEFNASTJÓRI NORDIC REGENERATIVE TOURISM
- 12. FLOKKUN ÚRGANGS** - VALGERÐUR SIGRÚNAR VIGFÚSARDÓTTIR FRÁ TERRA.
- 13. SETJUM ÖRYGGI Í FYRSTA SÆTI** - DAGBJARTUR BRYNJARSSON HJÁ FERÐAMÁLASTOFU.
- 14. AÐGERÐIR TIL AÐ FYLGJAST MEÐ OG MÆLA ÁRANGUR SJÁLFBÆRNISTEFNU** - RAKEL EVA SÆVARSDÓTTIR FRÁ TRAIL SJÁLFBÆRNIRÁÐGGJÖF
- 15. STÓRA MYNDIN** - KETILL BERG MAGNÚSSON HJÁ MAREL
- 16. AÐ BREYTA STAÐSETNINGUM, ÁRTÖLUM OG STAÐREYNDUM Í SÖGUR** - AUÐUR ÖSP ÓLAFSDÓTTIR SJÁLFSTÆÐUR RÁÐGGJAFI OG FYRIRLESARI
- 17. HÖNNUNARHUGSUN OG UPPLIFUN MEÐ FÓKUS Á FERÐAÞJÓNUSTU** - MARÍA HJÁLMAUSDÓTTIR HJÁ ÍSLENSKA FERÐAKLASANUM
- 18. VOTTANIR, HVÆÐ HENTAR MÍNU FYRIRTÆKI BEST?** - STEFÁN GÍSLASON HJÁ ENVIRONICE



Verkefnastjórar og ábyrgð

ÁSTA KRISTÍN SIGURJÓNSDÓTTIR  
SVAVA BJÖRK ÓLAFSDÓTTIR



ÍSLENSKI  
FERÐAKLASINN  
Iceland Tourism Cluster



Unnið af Íslenska ferðaklasanum skv samningi við  
atvinnuvegaráðuneyti í samstarfi við Ferðamálastofu